

Ríkiskaup
Borgartúni 7C
105 Reykjavík

8. ágúst, 2016

Efni: Niðurstaða matsnefndar um lögreglunám á háskólastigi

Niðurstaða: Það er samhljóma álit fulltrúa í matsnefndinni að velja beri Háskóla Íslands sem rekstraraðila fyrir lögreglunám á háskólastigi.

Greinargerð með rökstuðningi

Mennta- og menningarmálaráðherra skipaði þann 20. júlí 2016 matsnefnd um lögreglunám á háskólastigi sem fékk það hlutverk að fara yfir innsend gögn og gera rökstudda tillögu um val á rekstraraðila. Nefndin skyldi skila af sér niðurstöðu mánudaginn 8. ágúst 2016. Nefndin var skipuð sem hér segir:

Ársæll Guðmundsson, skólameistari Borgarholtsskóla, formaður matsnefndar
Ólafur Örn Bragason, forstöðumaður Mennta- og starfspróunarseturs lögreglunnar
Sigurður Óli Sigurðsson, sérfræðingur á sviði rannsókn- og nýsköpunarsviði Rannís og stjórnandi Gæðaráðs íslenskra háskóla

Skilafrestur þátttökutilkynninga var 22. júlí 2016 og bárust gögn frá fjórum aðilum. Samkvæmt auglýsingu áttu hæfir umsækjendur rétt á að kynna fyrir matsnefndinni umsókn sína. Í ljós kom að ein umsókn uppfyllti ekki hæfiskröfur sem settar voru fram í auglýsingu.

Mánudaginn 27. júlí 2016 kallaði Ríkiskaup til fundar með fulltrúum matsnefndar um lögreglunám á háskólastigi þar sem fulltrúi Ríkiskaupa fór yfir gögn og ferlið sem matsnefndinni var ætlað að starfa eftir. Matsnefndin átti fundi með þremur umsækjendum þ.e. Háskólanum í Reykjavík, Háskólanum á Akureyri og Háskóla Íslands en hver aðili fékk 60 mínútur til að kynna og fylgja eftir sinni umsókn.

Gefin voru út matsviðmið á formi fullyrðinga sem matsnefndin notaði við að greina gögn og gefa umsækjendum einkunn á Likert skala. Hver matsnefndarfulltrúi framkvæmdi sitt eigið mat sérstaklega eftir að hafa kynnt sér umsóknir og fundað með umsækjendum. Í auglýsingu segir að matsnefnd gefi einkunn fyrir verkefnið og ýmsa þætti þess og byggist sú einkunn á:

- Drögum að námskrá
- Lýsingu á hæfi kennara
- Tillögum á skipulagi á því námi sem skólinn hyggst bjóða upp á
- Rekstraráætlun
- Framkvæmdaáætlun

ÖÖB
505

Á fundi matsnefndar sunnudaginn 7. ágúst voru niðurstöðurnar teknar saman og kom þá í ljós að um samhljóma álit var að ræða og enginn ágreiningur um niðurstöðuna. Háskóli Íslands hlaut flest stig hjá öllum matsnefndarfulltrúum.

Alls voru metnar níu fullyrðingar með því að gefa einkunn á bilinu 1 – 5 þar sem 1 er lægsta einkunnin og 5 er hæsta einkunnin. Hver umsækjandi getur því hæst fengið 45 stig hjá einstökum matsnefndarfulltrúa eða 135 stig þegar stig allra matsnefndarfulltrúa eru lögð saman.


Niðurstaða matsnefndarinnar er þessi:


Háskóli Íslands	128 stig
Háskólinn á Akureyri	116 stig
Háskólinn í Reykjavík	110 stig


Í umsókn Háskóla Íslands kemur fram greinargóð lýsing og nákvæm á náminu og framkvæmd þess sem passar vel við það tveggja ára diplománám sem unnið er að. Það er skýr styrkur umsóknar að öll námskeið eru sérsniðin fyrir sjálfa lögreglufræðinámsleiðina og ekki er gert ráð fyrir samkenndu með öðrum námsleiðum. Framsetning er skýr þar sem lýst er þrískiptum lærdómsviðmiðum á hverju námskeiði sem endurspeglar vel samspil fræðilega og verklega þáttar námsins. Í umsókninni er einnig mjög vel gerð grein fyrir möguleikum á frekara námi á háskólastigi að loknu diplománáminu. Háskóli Íslands tekur í sinni umsókn mest tillit allra umsækjenda til niðurstaðna í skýrslu starfshóps um lögreglunám sem kom út í júní 2015, og er fræðilegi og verklegi þátturinn mjög vel tengdur tillögum starfshópsins. Háskóli Íslands hefur einnig mjög breiðan og fræðilegan grunn sem hentar verkefninu mjög vel. Áætlanir um fræmkvæmd og rekstur eru einnig vel útfærðar og raunhæfar.

Undirritaður matsnefndarmeðlimir, staðfesta með undirritun sinni að þeir hafi verið sjálfstæðir í ákvörðun sinni og áliti sem endurspeglast í ofangreindu mati og einkunnagjöf.

Reykjavík 8. ágúst 2016


Ársæll Guðmundsson, formaður


Ólafur Örn Bragason


Sigurður Óli Sigurðsson